

Þú hefur ekki sagt aukatekið orð . . .


Trausti Einarsson ræðir við textíllistakonuna **Ínu Salóme** sem býr í Finnlandi og er ein þátttakenda á 10 ára afmælisýningu Textílfélagsins, sem nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum.

Meðal þátttakenda á tíu ára afmælisýningu textílfélagsins að Kjarvalsstöðum er Ína Salóme, sem búsett hefur verið í Finnlandi um tveggja ára skeið. Myndir sínar vinnur Ína úr taulitum og

bómullarefni, þær eru ekki þrykktar, sem mun vera algengasta aðferð textílmýndlistamanna á Íslandi, heldur málar Ína á bómullarefnið, annað hvort með pensli eða rúllu. „Margfaldar myndir“ málar Ína, en margföld mynd er í rauninni þrjár myndir, sem hanga með um fimm sm millibili hver frá annarri, og mynda því eina heild, eða eina mynd, sem er þó, þegar betur er að gáð, tveir myndfletir, því myndina má sjá frá tveimur hliðum. Staldri áhorfandinn við um stund er því líkast sem tíminn speglist í margfaldri myndgerðinni, því dýpt myndarinnar, eða fjarlægð, breytist eftir dagsbirtunni sem fellur umhverfis myndina.

Ína segist aldrei hafa unnið eins stórar myndir og núna, þetta sé algjör andstæða við þær smámyndir sem hún gerði á sl. ári (20x20 sm), en gaman sé að spreyta sig á mismunandi stórum myndflötum. En hvað getur hún sagt okkur nánar um þær myndir sem hún sendi á afmælisýninguna?

— Litina sem ég nota hef ég uppgötvað hér í Finnlandi. Áður en ég útfæri hugmyndirnar á tauði hef ég vatnslitað þær á litlar skissur. Fyrst tek ég litskyggnur af



Ína Salóme í kuldanum í Finnlandi.



Geómetrisk afstraksjón, sem Ína gerði í Róm 1984.

vatnslitaskissunum, svo ég geti áttað mig á því hve mikla stækkun myndirnar þola. Það var hér í Finnlandi sem ég byrjaði fyrst á þessari vinnuáferð að vatnslita fyrst litla skissu og útfæra hana svo á stórum myndfleti.

NAFNLAUSAR MYNDIR

Myndirnar eru ólíkar því sem ég hef gert áður, ég nota svarta litinn mun meira núna, og áður voru myndir mínar meira figúratífar. Ég hafði oft móti af konu, sem horfir inn í fjarlægðina. En nú hef ég breytt þessu: figúran, ert þú, áhorfandinn. Myndirnar eiga það sameiginlegt að einhver birta leynist á bak við svartan flötinn. Mér finnst mikilvægt að áhorfandinn verði þessa áskynja. Annars gef ég myndum mínum ekki nöfn, því þá finnst mér sem ég hafi bundið þær við ákveðna fyrirmynd. Fólk hefur komið til mín og sagt mér hvað það sér út úr myndum mínum, og það er svo ótrúlega ólíkt: sumir sjá landslag, þegar aðrir sjá fyrir sér eitthvað allt annað, segir Ína.

Við fyrstu sýn dettur áhorfandanum helst í hug að **geómetrisk abstraksjón** hafi haldið innreið sína á nýjan leik, og því liggur beinast við að spyrja Ínu, hvort þeir málarar á Íslandi, sem lengi hafa fylgt þeirri stefnu, Karl Kvaran, Þorvaldur Skúlason, eða aðrir, hafi haft áhrif á myndlist hennar? Nei, svarar Ína, nema ef vera skyldi Nína Tryggvadóttir.

Hvenær hefurðu málað þessar myndir?

— Myndirnar á sýningunni eru allar gerðar nú á þessu ári, fyrir utan eina sem máluð var í Róm á síðastliðnu ári. Þó verð-